

## Fundargerð

7. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 8. september 2006, kl. 16:30.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Fríða Rún Þórðardóttir, unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

### 1. Fundargerð 6. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

#### 2. Fjármál.

- a) Staða í fjármálum. Gestur fór yfir stöðu fjármála, en fjármálin eru að ná jafnvægi eftir nokkuð erfitt tímabil. Búið er að ganga frá öllum skuldum við Storm ehf. vegna mótaþings EAA 2005.
- b) Styrktarsamningar sl. ár. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir innkomu og útgjöld af styrktarsamningum frá 2004-2006. Fram kemur að mikið hefur kostað að afla styrkaraðila fyrir sambandið undanfarin ár og hátt hlutfall styrktartekna farið í útgjöld vegna fjáröflunar.
- c) Horfur og aðgerðir í styrktarmálum. Ræddar um nýjar leiðir og möguleika varðandi tekjuöflun og styrkaraðila. Samþykkt að stjórn og framkvæmdastjóri sjái um að afla aðalstyrktaraðila vegna næsta árs. Rætt um möguleika varðandi Bikarkeppni FRÍ innanhúss og styrktar og kynningarmál í sambandi við þá keppni.
- d) Merkisberaverkefnið. Rætt.

#### 3. Fræðslu- og útbreiðslumál.

- a) Þjálfaranámskeið. Fram kom að ekki hefur verið staðið vel að þessum málum hjá sambandinu á undanförunum árum og engin skipulögð fræðsla/menntun leiðbeinanda eða þjálfara í gangi hjá sambandinu. Samþykkt tillaga um að skipa fræðsluráð, sem skipuleggja skuli fræðslumál þjálfara, námskeiðahald, kennsluefni o.fl. í samvinnu við ÍSÍ.
- b) Útbreiðslumál. Rætt um heimsóknir stjórnarmanna til félaga og sambanda. Samþykkt að senda bréf til sambandsaðila og bjóða þeim að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri komi í heimsókn og fari yfir stöðu mála með þeim.
- c) Fjölmíðla- og kynningarmál. Samþykkt að ráða sérstakan kynningarfulltrúa í sambandi við Bikarkeppni FRÍ innanhúss í vetur.

#### 4. Mótamál.

- a) MÍ í 5.000m kvenna og 10.000m karla. Stjórnin hafi samþykkt frestun keppinnar í samráði við mótshaldara á milli funda vegna slæms veðurútlits, en keppnin fer fram nk. miðvikudag á Laugardalsvelli.
- b) Innanhússmótaskrá 2007. Rætt um dagsetningar móta innanhúss í vetur.

- c) Alþjóðlegt boðsmót innanhúss 2007. Samþykkt að FRÍ hafi samvinnu við ÍR eða FÍRR um framkvæmd alþjóðlegs boðsmóts innanhúss í nýju Laugardalshöllinni í byrjun næsta árs.

## 5. Fundir og námskeið.

- a) Mótaþing EAA í Varna 12.-15. okt. nk. Samþykkt að formaður sækji þingið í Varna af hálfu FRÍ.
- b) Norðurlandafundur framkvæmdastjóra í Osló 29.-30. sept. nk. Samþykkt að framkvæmdastjóri sækji fundinn af hálfu FRÍ.
- c) EACA námskeið í Dublin. Fimm þjálfarar hafa sótt um styrk EAA til FRÍ. Afgreiðslu frestað til næsta fundar, þar sem umsóknarfrestur rennur ekki út fyrir en 15. sept. nk. skv. útsendri tilkynningu um það.

## 6. Lagt fram.

- a) Bréf frá EAA, dagsett 22. ágúst sl. lagt fram.
- b) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 22. ágúst sl., um fund vegna Ól. 2008.
- c) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 22. ágúst sl., um fund vegna Smáþjóðarleika og Ól. æskunnar á næsta ári.
- d) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 23. ágúst sl., um forvarnardag í framhaldsskólum 28. sept. nk.
- e) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 31. ágúst sl. Niðurstöður úr lyfjaeftirliti sem framkvæmd var í tengslum við 80. Meistaramót Íslands. Eftirfarandi íþróttamenn voru boðaðir til lyfjaeftirlits:
- Stefán Guðmundsson, Breiðablik
  - Aðalheiður María Vigfúsdóttir, Breiðablik
  - Örn Davíðsson, Umf. Selfoss
  - Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR.
  - Vigdís Guðjónsdóttir, HSK.
  - Silja Úlfarsdóttir, FH.
  - Bergur Ingi Pétursson, FH.
  - Jón Arnar Magnússon, FH.
- Engin lyf af bannlista fundust í sýnunum og hefur íþróttafólkinu verið tilkynnt um niðurstöðurnar.
- f) Leikreglur 2006-2008. Stjórnarmönnum var afhent eintak af nítjándu útgáfu af leikreglum FRÍ, en þetta er tólfta útgáfa sem Birgir Guðjónsson formaður Tækninefndar FRÍ hefur annast síðan 1986. Hægt er að kaupa bókina á skrifstofu FRÍ á kr. 1200.-, en leikreglurnar er einnig hægt að nálgast á heimasíðu FRÍ undir “Um FRÍ”.

## 7. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri verður í leyfi í næstu viku, 11.-15. sept. nk. og verður skifstofan lokuð þá viku.

Fundi slitið kl. 18:40

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.